



Höfn í Hornafirði 5.11.2024
Málsnúmer: 202407009

Rökstuðningur vegna ákvörðunar bæjarráðs í máli 202407009 á fundi 1148.

Á 1148. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem haldinn var þann 22.10.2024 var tekin fyrir beiðni íbúa um breytingu á 11. gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning. Niðurstaða bæjarráðs var að beiðninni yrði hafnað.

Þann 24.10.2024 var óskað eftir rökstuðninginni fyrir því að beiðninni hafi verið hafnað.

Rökstuðningur bæjarráðs er svo hljóðandi:

Erindið hafði fengið umfjöllun í velferðarnefnd á 36. fundi hennar þar sem lagt var til að erindinu yrði hafnað. Helstu rök fyrir höfnun var að eftirlit með húsnæðisúrræði á almennum markaði og öryggi og aðbúnaði barna í slíku úrræði er of flókið og Sveitarfélagið ekki tilbúið eða í stakk búið til að taka slíkt eftirlit á sig. Um er að ræða börn á aldrinum 15-18 ára og mikilvægt að þeim sé búið sem öruggast umhverfi og að aðstæður þeirra falli að ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 og barnalaga nr. 76/2003.

Þegar börn dvelja á heimavist eða námsgörðum framhaldsskóla er eftirlit og öryggi tryggt með samning milli viðeigandi skóla og mennta- og barnamálaráðuneytis um rekstur heimavistar þar sem kveðið er á um hvernig eftirlit og gæsla með úrræðinu fer fram.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning eru byggðar á leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélögin um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991. Þar er aðeins fjallað um að stuðningur skuli veittur foreldrum eða forsjáradílum 15-17 ára barna sem leiga herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili.

Áður hafði velferðarnefnd borist sambærilegt erindi sem tekið var fyrir á 12. fundi hennar þann 12.3.2022. Niðurstaða þess fundar var sú sama og komist er að nú.

Með fyrrgreind atriði í huga telur bæjarráð að það geti ekki samþykkt tillögu íbúa um breytingu á 11. gr. reglna Sveitarfélagsins Hornafjarðar um sérstakan húsnæðisstuðning og hafnar því erindinu.